

Nd.

326. Breytingartillaga

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Pétri Ottesen.

6. gr. orðist svo:

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsg. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til fráskilanna kvenna samkv. 28. gr.

Mæður óskilgetinna barna, er taka lífeyri með börnum sínum samkvæmt úrskurði yfirvalds, eiga rétt á að fá lífeyrinn greiddan hjá Tryggingastofnuninni til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.